



Til bæjarráðs,

Kópavogi, 26. júní 2025
25032527/502.00 GEF

Efni: Fannborgarreitur. Uppfærð drög að uppbyggingarsamkomulagi.

Á fundi bæjarráðs 5. júní 2025 var lagt fram til samþykktar uppfært uppbyggingarsamkomulag fyrir Fannborgarreit. Var erindinu frestað. Er erindið nú lagt fram að nýju til samþykktar.

Hefur uppbyggingarsamkomulagið verið yfirlitð og frekari breytingar gerðar:

- Bætt hefur verið ákvæði 3.3.4 er varðar jarðvinnu og ábyrgð aðila ef jarðvegur reynist mengaður.
- Skerpt hefur verið enn frekar á ákvæði 3.3.5 um aðgengi á framkvæmdartíma og skyldu framkvæmdaraðila til að tryggja besta mögulega aðgengi á framkvæmdartíma.
- Skerpt hefur verið enn frekar á ákvæði 3.3.6 um verklag við upplýsingagjöf og samskipti á framkvæmdartíma og m.a. bætt við að sérstakur tengiliður verður skipaður fyrir hönd Kópavogsbæjar. Jafnframt hefur verið bætt við að aðilar í nærumhverfi við framkvæmdarsvæðið verða sérstaklega upplýst um breytta aðkomu við upphaf nýs framkvæmdarfasa á framkvæmdartíma.
- Skerpt hefur verið á ákvæði 6.5 og þar sem tekið er fram að rekstur almenningarýma *innan lóðarmarka* sé á forráði óstofnaðs rekstrarfélags.
- Bætt hefur verið við ákvæði 6.5.1 þar sem tekið er fram að nýr lóðarleigusamningur verður gefinn út við stofnun nýrrar lóðar samkvæmt gildandi deiliskipulagi
- Skerpt hefur verið á ákvæði 7.3 varðandi kostnað á íbúakortum í bílakjallara.

Þá er einnig lagt fram minnisblað yfirlögfræðings Kópavogsbæjar sem hefur yfirlitð drög að uppbyggingarsamkomulaginu.

Virðingarfyllst,

Guðrún Edda Finnbogadóttir

Skrifstofustjóri umhverfissviðs

